

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 7/2013.

Reykjavík, 8.03.2013

2013030105

Efni: Innköllun af markaði á Boeuf Bourguignon vegna ómerkts ofnæmis- og ópolsvalds (súlfít).

Eldhúsið hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, ákveðið að innkalla af markaði Boeuf Bourguignon vegna þess að ofnæmis- og ópolsvaldurinn súlfít er ekki merktur á umbúðum vörunnar.

Vöruheiti: Boeuf Bourguignon

Strikanúmer: 5694310451345

Nettóþyngd: 1300 g.

Framleiðandi: Eldhúsið, Kirkjustétt 2 – 6, 113 Reykjavík.

Umbúðir: Plastbakkar.

Geymsluskilyrði: Kælivara.

Dreifing: Verslanir Nóatúns og Krónunnar um land allt.

Súlfít, í styrk sem er yfir 10 mg/kg eða 10 mg/l er á lista yfir ofnæmis- og ópolsvalda. Samkvæmt matvælaölggjöfinni eiga ofnæmis- og ópolsvaldar að vera skýrt merktir í merkingum matvæla.

Tekið skal fram að varan er skaðlaus fyrir þá sem ekki eru viðkvæmir fyrir súlfíti. Þeir neytendur sem eiga umrædda vöru og eru viðkvæmir fyrir súlfíti eru beðnir um skila henni til þeirrar verslunar sem hún var keypt í.

